Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

17. júlí 2018
*MÍ*201701-0126/ 6.00 / G.G.G.

Efni: Álfsnesvík við Þerneyjarsund, Reykjavík - fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði Björgunar

Minjastofnun Íslands vill með bréfi þessu vekja athygli borgarráðs á merkum minjastað á Gunnunesi og við Álfsnesvík við Þerneyjarsund. Forsaga málsins er sú að í ársbyrjun 2017 kynnti ráðgjafarfyrirtækið Alta Minjastofnun að því hefði verið falið að leita að nýju athafnasvæði fyrir Björgun sem áformað væri að flytja úr Elliðaárvogi og að einkum væri horft til Gunnuness við Þerneyjarsund. Eins og kemur fram í meðfylgjandi bréfi Minjastofnunar til Alta dags. 17. júlí 2018 (fylgiskjal 1) hefur stofnunin frá upphafi málsins bent á að til væru heimildir um að við Þerneyjarsund var verslunarstaður á síðmiðöldum. Þar væri að finna merkilegar menningarminjar og óskað var eftir því að aðrir kostir yrðu skoðaðir. Dr. Kristján Eldjárn, þáverandi forseti Íslands og fyrrum þjóðminjavörður, ritaði grein um minjastaðinn í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1980 og í lok greinarinnar segir hann: „Þessi staður er einn af fyrirrennurum Reykjavíkur og á að varðveitast eins og hann er." (Árbók 1980, bls. 34).

Á fundi fulltrúa Minjastofnunar og Alta 28. júlí 2017 var stofnuninni kynnt að kannaðir hafi verið fleiri staðir og sú skoðun hefði leitt í ljós að Álfsnesvík væri ákjósanlegasti kosturinn. Stofnunin var ekki beðin um að leggja mat á aðra kosti. Minjastofnun fór þá fram á að fornleifaskrá svæðisins frá árinu 2008 (fylgiskjal 2) yrði endurskoðuð en frá því að sú skráning var gerð hafa ný lög um menningarminjar nr. 80/2012 tekið gildi.

Nú liggur fyrir skýrsla Borgarsögusafns; *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi* (fylgiskjal 3). Við endurskoðun fornleifaskrár hefur fengist enn frekari vitneskja um menningarminjar á Gunnunesi og Álfsnesvík við Þerneyjarsund. Á jörðunum Sundakoti og Glóru hafa verið skráðar fleiri fornleifar en áður voru þekktar og með vettvangskönnun og uppmælingu sýnilegra fornleifa hefur fengist skýrari mynd af fornleifunum. Þar er að finna minjar um verslun á síðmiðöldum og útveg og landbúnað fram á fyrri hluta 20. aldar. Borgarsögusafn metur varðveislugildi minjanna hátt eins og kemur fram í niðurstöðum skýrslunnar.

Minjastofnun tekur undir það mat Borgarsögusafns að varðveislugildi minjanna er hátt og felst gildi þeirra einkum í því að þar er um að ræða einstaka minjaheild sem varðveist hefur nær ósnortin.

Samkvæmt þeim gögnum sem Minjastofnun hafa verið kynnt og sýna tillögu að afmörkun lóðar fyrir Björgun við Álfsnesvík, bráðabirgðaveg að henni frá athafnasvæði Sorpu og framtíðartengingu við fyrirhugaða Sundabraut, er ljóst að gangi þau áform eftir mun samhengi minjanna rofna og gildi mikilvægs minjasvæðis rýrt til muna. Að auki skal nefnt að í gögnum málsins kemur fram að gera megi ráð fyrir því að í framtíðinni þurfi að stækka athafnasvæði Björgunar og það mun þýða að þá þarf að skerða minjasvæðið enn frekar.

Minjastofnun beinir því til borgaryfirvalda að athafnasvæði Björgunar verði fundinn annar staður. Jafnframt að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að minjarnar á Gunnunesi og Álfsnesvík við Þerneyjarsund verði varðveittar til framtíðar í samræmi við 1. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Fylgiskjöl:
1 Bréf Minjastofnunar til Alta, dags. 17.7.2018
2 Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. Áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla 139, 2008. Á vef: http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_139.pdf
3 Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi. Borgarsögusafn. Skýrsla 191, 2018. Á vef: http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/utgafa_skyrsla_191_fornleifaskraning_a_efnisvinslusvaedi_vid_alfnesvik_therneyjarsundi.pdf

Afrit með tölvupósti:
Alta (alta@alta.is)
Borgarsögusafn (minjavarsla@reykjavík.is)
Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar (menning@reykjavik.is)
Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (sea@reykjavik.is)
Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (usk@reykjavik.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)